

Truenorth Nordic ehf.

Garðabær, fimmtudagur, 18. september 2025

202509-0122/Á.G.

10.04

Efni: Umsókn um leyfi - Akstur utan vega - Náttthagi og Hverfjall

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 17.9.2025, um leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndagerðar með dróna við Náttthaga á Reykjanesi. Samkvæmt auglýsingu um náttúruvættið Hverfjall í Mývatnssveit nr. 1391/2024 er fyrirhuguð kvikmyndataka með dróna við Hverfjall ekki leyfis skyld samkvæmt þeirri lýsingu sem fylgdi umsókninni.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Náttúruverndarstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Leyfi sveitarfélagsins og landeiganda gæti þurft fyrir verkefninu.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku og aksturs utan vega vegna kvikmyndatöku við Náttthaga 22.9.225. Að verkefninu koma um 5 manns á 2 jeppum með 1 stórum dróna, þrífót og kvikmyndavél, rafstöð og hleðslustöðvar og borðs. Um er ræða akstur frá Suðurstrandavegi upp að Náttthaga. Kort fylgdi með umsókninni sem sýnir leiðina sem keyrð verður.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæða áhrifa á verndargildi náttúrufar svæðisins og á leiðina sem yrði keyrð að Náttthaga sé farið að skilyrðum leyfisins. Verkefnið er þó talið geta haft áhrif á upplifun gesta á meðan það fer fram á svæðunum. Mat stofnunarinnar er að hægt verði að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins sé farið að skilyrðum leyfisins.

Niðurstaða

Náttúruverndarstofnun veitir Truenorth Nordic ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega við Náttthaga sbr. lýsingu hér að ofan 22.9.2025 og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhringsfyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Einungis skal aka að tökustað og eftir þeirri leið sem skilgreind var í verklýsingu.
- Allur akstur utan vega, annar en sá sem leyfi þetta nær til, er óheimill.
- Önnur farartæki en þau sem leyfi þetta nær til er ekki heimilt að aka að tökustað.
- Takmarka skal akstur farartækjanna eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróin svæði.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Náttúruverndarstofnun.
- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Að öðru leiti skal haga flugi drónans skv. reglugerð nr. 1360/2024.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spilt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. **62.400-** sbr. 6. gr. í gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Í gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar er heimild til að innheimta aukalega gjald sem nemur kr. **41.600-**, eða sem nemur tveggja klst. vinnu hjá Náttúruverndarstofnun, sbr. 1. gr., vegna umsókna sem berast

innan fimm virkra daga frá því fyrirhugað verkefni vegna aksturs utan vega vegna kvikmyndagerðar á að hefjast sbr. 4. mgr. 7. gr. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025. Umsókn umsækjanda barst innan fimm virkra daga frá því fyrirhugað verkefni átti að hefjast. Náttúruverndarstofnun hefur því bætt þessari upphæð við gjaldið og mun því innheimta samtals **104.000 kr.** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

Hákon Ásgeirsson
sviðstjóri

René Biasone
svæðissérfræðingur